

Alþingi - nefndasvið

Efni:

***Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum - neyðarástand í sveitarfélagi***

Á fundi forsætisnefndar þann 13. mars 2020 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (neyðarástand í sveitarfélagi).

Forsætisnefnd ásamt áheyrnarfulltrúum samþykkti svohljóðandi umsögn:

Forsætisnefnd fagnar snöggum viðbrögðum löggjafans við ákalli um breytingar á sveitarstjórnarlögum til að stjórnsýsla sveitarstjórna geti haldist órofin í neyðarástandi. Hvað Reykjavíkurborg snertir er stjórnsýsla borgarinnar ágætlega í stakk búinn undir slíkt neyðarástand en borgin hefur þó kallað eftir breytingum til heimila fjarfundi borgarstjórnar og nefnda á hennar vegum. Fullur skilningur er á því að víðtækari heimilda kunni að vera þörf annars staðar. Þær heimildir sem frumvarpið felur ráðherra er mjög rúmar og ótímabundnar. Það kynni að vera heppilegra að afmarka þær við ákveðna kafla eða greinar laganna og að lögin gildi til ársloka 2020. Jafnframt má velja því upp hvort ekki sé heppilegra að bæta því við að leitað sé samráðs viðkomandi sveitarfélaga, ekki aðeins Sambands íslenskra sveitarfélaga, þegar um staðbundið neyðarástand er að ræða. Forsætisnefnd leggur til að frumvarpið verður samþykkt, að teknu tilliti til þessara sjónarmiða.

Það tilkynnist hér með.

Bjarni Þóroddsson  
e.u.